Alcopley

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON


Það má með sanni segja, að skammt hafi verið milli mikilla viðburða í listaheimi höfuðborgarinnar að undanförnu. Sýningu á verkum Roberts Jacobsens í Listasafni Íslands ekki lokið þegar yfirlitssýning á verkum Alcopleys er opnuð á Kjarvalsstöðum, og þar einnig nýlokið einni merkustu sýningu á verkum Jóhannesar Kjarvals. Það er ekki oft að svo mikið fjör er í myndlistinni hér hjá okkur, og sjaldan höfum við getað státað af tveimur heimsfrægum listamönnum með sýningar samtímis hér í Reykjavík, nema ef verið hefur listahátíð, en eins og allir vita verðum við að bíða slíkra hátíðahalda til næsta árs.

Alcopley er ekki eingöngu þekktur listamaður víða um veröld. Hann er ekki síður þekktur sem vísindamaður á sviði læknisfræðinnar, og á þeim vettvangi liggur eftir hann mjög merkt starf. Það er því ótrúlegt, hverjum árangri hann hefur náð á sviði myndlistar og vísinda. Það liggur við, að maður freistist til að segja um hann, að annað hvort þessara starfa sé unnið í frístundum, en hvort skal telja aðalstarf læt ég ósagt hér; afköstin og árangurinn eru afbragð á hvoru tveggja sviðinu. Þessi sýning á myndlistarverkum Alcopleys er til dæmis ekkert smásmíði. Það eru yfir þrjúhundruð verk á þessari sýningu og þau unnin með ýmsum hætti: Málverk, teikningar, vatnslitir, steinprent og bækur. Af þessu má sjá, að Alcopley er ekki við eina fjölina felldur í myndgerð sinni, og þessi verk spanna tímabilið frá 1944 til 1977. Þetta mun vera veigamesta sýning sem haldin hefur verið á verkum þessa listamanns, og er það ekki lítill heiður fyrir Kjarvalsstaði að fá tækifæri sem þetta. Því má líka skjóta hér inn, að Reykjavíkurborg má vera stolt af því að geta hýst slíka sýningu, og ef Kjarvalsstaðir sanna ekki tilverurétt sinn með þessari sýningu, þá veit ég ekki hvað. Ég hélt því fram hér á árunum, að ekki væri hægt að tala um Reykjavík sem höfuðborg fullvalda ríkis meðan ekki væri samastaður fyrir myndlist af því tagi, sem sómdi sæmilegri miðlungssýningu, hvað þá afburðalist. Ég held, að sumum hafi þótt þetta ósanngjarn hroki af minni hálfu og jafnvel heimtufrekja. Hvað um það, tímarnir breytast og mennirnir með. Nú er Reykjaík sannarlega höfuðstaður Íslands.


Þetta er yfirlitssýning á verkum Alcopleys, sem er bandarískur ríkisþegn, en samt svo tengdur Íslandi að það liggur næst mér að tala um hann sem einn af okkar listamönnum. Hann hefur haft samband við íslenzka myndlist um það langan tíma að óhætt er að fullyrða að hann hafi haft þar nokkur áhrif, og ég er viss um að þessi sýning á Kjarvalsstöðum á eftir að marka spor bæði hjá listamönnum og almenningi hérlendis. Alcopley er mjög sérstæður í myndgerð sinni og hefur sterk persónuleg einkenni, þannig að verk hans verða ekki tekin fyrir annarra neins staðar í veröldinni. Vinnubrögð hans *eru snögg og yfirveguð og hvert* smáatriði hnitmiðað í hrynjandi línu og forms. Hann byggir yfirleitt verk sín á einfaldari hátt, en afar rökrétt og traust íhugun er að baki verka hans, hvort heldur um er að ræða stranga byggingu myndflatar eða snöggar hreyfingar forms, sem oft dansa á sérstæðan hátt innan hins afmarkaða sviðs. Stundum hefur verið talað um myndletur í sambandi við verk Alcopleys, og það er ekki fjarri sanni. Hvort honum líkar betur eða verr, verður ekki framhjá því gengið að verk hans frá vissu tímabili bera mjög sterkan keim af táknum Austurlandaþjóða (Japönsk kalligrafía?). Þarna hefur Alcopley fundið sérstakt svið, sem hæfir honum sérlega vel, til að tjá hrynjandi línu og punkta sem verka á mann eins og fúga í hljómlist. Einnig notar hann einstaka tákn er hann setur í myndflöt með þeim afleiðingum að áhrifin verða á stundum allt að því fígúratíf. Ekki skal ég segja hvernig Alcopley líkar þessi athugasemd mín, því að sannast sagna er hann dæmigerður abstraktmálari og einmitt í því liggur styrkleiki hans. Það eru að vísu nokkrar fígúratífar myndir á þessari sýningu, en ég held að það væri ekki ósanngjarnt að segja um þær að það væri aðeins byrjunin á Alcopley sem málara, en seinni verkin væru það sem sýndi hinn verulega árangur af óþrjótandi vinnu og elju hans við myndlist. Eitt langar mig til að fullyrða hér: ég held ég hafi aldrei hitt mann með eins brennandi áhuga á myndlist og Alcopley hefur. Sem dæmi um starfsorku og elju Alcopleys get ég ekki stillt mig um að hafa eftir einum sameiginlegum kunningja okkar eftirfarandi: „Það er ekki mikil hvíld í því að hitta Alcopley og ætla sér að slappa svolítið af og rabba um eitthvert léttmeti. Maðurinn er bókstaflega alltaf að krefjast svara við spurningum, og maður veit aldrei hvort heldur það eru vísindin eða listin sem eru að brjótast í kolli hans". Ég hef þetta hér eftir, til að gefa aðeins lýsingu á þessum merka og frábæra vísinda- og listamanni.

Það má margt um þessa sýningu á Kjarvalsstöðum segja, en ef fara ætti að gera verkunum, sem þar getur að líta, veruleg skil, held ég að þessi umsögn yrði nokkuð fyrirferðarmikil. Því bregð ég á það ráð, að fara fljótt yfir sögu, en nefna aðeins nokkur verk sem mér finnst bera af. Margar af smæstu teikningum og vantslitamyndunum á þessari sýningu eru frábær listaverk sem krefjast þess að vera vel skoðuð. Þá finnst mér hin stóra mynd, er Alcopley hefur gert il minningar um konu sína, Ninu Tryggvadóttur (No. 108), sterk og dálítið óvenjuleg frá hendi Alcopleys. Ég er ekki frá því að lesa megi úr því verki trega og sorg. Jafnvel einstæðingshátt þess, er einn stendur eftir í hinu veraldlega tómi. Önnur verk, sem ég tel með því besta er á þessari sýningu verður fundið, eru: No. 146, 61, 113, 145, 120 og no. 93, sem er sérlega auðkennandi fyrir hvernig Alcopley byggir upp verk sín. Enn fremur no. 108, sem ég hef þegar minnzt á, og einnig má af eldri verkum nefna No. 16, sem sýnir að listamaðurinn hefur haft næmt auga fyrir Matisse og Pollock er ekki langt í burtu í verki eins og no. 48. Þessi tvö seinustu dæmi sanna hvernig listamaðurinn hefur orðið til, og það er hér eins og fyrri daginn, að enginn verður óbarinn biskup. Það er vinna og aftur


Framhald á bls. 31



Rays of the Mind: Heinrich and Hannah, olía á við, 1966.



Flying Token, blek á chiffon, 1963.



Blek á pappír, 1963.

